LÆKJARGATA 2
Landnúmer: L121750
Staðgreinir: 1490-1-58300020

BYGGINGARLÝSING

Almennt
Um er að ræða fjölbýlishúsaklasa sem er tvær til þrjár hæðir auk nýtilegrar rishæðar, með samtals 23 íbúðum, ásamt einu atvinnurými. Á jarðhæð eru geymslur og sameiginleg rými auk tæknirýma og bílgeymslu. Innkeyrsla í bílgeymslu er frá Suðurgötu en aðkoma fótgangandi og hjólandi í bíl- og hjólageymslu er frá Lækjargötu.

Atvinnurými á horni Lækjargötu og Suðurgötu er ekki fullhannað en þar er möguleiki á verslun, þjónustu eða kaffihúsi. Gerðir verða sérstakir uppdrættir af innra skipulagi atvinnuhúsnæðisins síðar sem taka mið af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er. Mögulegt er að innrétta íbúðir á jarðhæð við Lækjargötu sem verslunar- og þjónusturými.

Aðkoma
Aðalinngangur atvinnurýmis, og fjögurra íbúða sem breyta má í atvinnurými, er á norðurhlið við Lækjargötu. Aðalinngangur annarra íbúða er frá sameiginlegum garði ofan á bílgeymslu. Aðkoma upp í garð er um tvennar útitröppur og lyftu á norðurhlið og á milli húsa við Brekkugötu. Íbúðir þar eru ýmist með aðkomu beint frá garðhæð (2. hæð) eða af sameiginlegum pöllum utanhúss á 3. hæð sem eru aðgengilegir með opnum tröppum.

Lóð
Lóð er sameign allra íbúða en tveir sérafnotafletir eru á lóðinni; einn á jarðhæð (1. hæð) og annar á garðhæð (2. hæð). Garðsvæði ofan á bílgeymslu er lagt hellum og grasi, nema undir leiktækjum og þar sem fallhættu er til staðar, en þar verður mýkra undirlag sem hentar slíkum aðstæðum. Útlýsing á lóð er í samráði við gildandi reglur þar um. Snjóbræðsla verður í gangstígum í garðsvæði og á öllum flötum á götuhæð.

Sorp
Sorpgeymslur eru inn af bílgeymslu, með aðkomu frá Suðurgötu. Tvær almennar sorpgeymslur eru og ein fyrir atvinnurými og eru allar staðsettar nálægt innkeyrsluhurð í bílgeymslu.
Almennar sorpgeyslur eru eru annars vegar í lokuðu 24,3 m^2 rými og hins vegar í lokuðu 11,2 m^2 rými. Miðað er við þörf upp á 240 lítra af blönduðu sorpi og 240 lítra af pappír fyrir hverja íbúð, en samtals er sú þörf 2x240x23=11.040 lítrar. Gert er ráð fyrir alls 17 stk. 660 lítra kerjum, sem samtals gera 11.220 lítra.
Sorpgeymsla fyrir atvinnurými er staðsett í lokaðri 5,3 m^2 sorpgeymslu innan bílgeymslu þar sem er rými fyrir ekki fleiri en 660 lítra kar og þrjár 240 lítra tunnur.

Bílastæði
Heildarfjöldi bílastæða á lóð er 26 og eru þau öll í bílgeymslu. Þar af eru þrjú stæði fyrir atvinnurými og eitt fyrir hverja íbúð. Þrjú bílastæða eru fyrir hreyfihamlaða. Engin bílastæði eru ofanjarðar. Tengi fyrir rafhleðslustöð er við hvert bílastæði.

Algild hönnun
Allar íbúðir hússins sem hafa öll meginými á jarðhæð eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar. Lyfta er frá götuhæð upp á garðhæð. Umferðarbreidd allra inngangshurða í íbúðir er að lágmarki 0,83m og inni í íbúðum 0,8m. Umferðarbreidd svalahurða er að lágmarki 0,8m.
Innan íbúða er gert ráð fyrir að breyta þurfi innréttingum lítillega til að gera hreyfihömluðum betur kleift að nýta íbúðina. T.d. er gert ráð fyrir að sturtuskilrúmum verði breytt þannig að þau henti betur. Auk þess verði fataskápar í anddyrum og vaskinnréttingar á baði fjarlæðgðar.

Lyfta
Ein lyfta er í húsinu, sem hugsuð er fyrir hreyfihamlaða, og er hún á milli götuhæðar (1. hæðar) og garðhæðar (2. hæðar) á sameiginlegum gangi í tengslum við eystri útitröppu. Vindfang er framan við lyftustokk á garðhæð. Lyfta uppfyllir gr. 6.4.12 í byggingarreglugerð. Lyfta rúmar ekki sjúkrabörur, en tröppur við lyftu gera það, auk þess sem aðkoma sjúkrabíla er möguleg frá Brekkugötu á garðhæð (2. hæð). Lyftustokkur verður loftræstur.

Burðarvirki og byggingarefni
Útveggir eru járnbundin steinsteypa, staðsteyptir á hefðbundinn hátt. Að utan eru veggir einangraðir með 100mm steinullareinangrun og klæddir báruáli á álundirkerfi. Útveggir kjallara eru staðsteyptir og einangraðir að innan með 100mm plasteinangrun og múrpússaðir. Útveggir bílgeymslu eru staðsteyptir og óeinangraðir. Niðurgrafnir veggir í kjallara eru klæddir takkadúk.

Þök á íbúðarhúsum eru loftuð timburþök með 40° þakhalla. Þaksperrur eru 45x245mm með breytilegu millibili. Þær eru festar annars vegar í steyptu útveggi og hinsvegar í stálbita í mæni. Þakið er loftað í gegnum loftræsta klæðningu og einangrað með 200mm steinullareinangrun og klætt af með OSB timburplötum og pappa, loftunargrind, lektum og ysta lag baks er báraðál. Neðan á þaksperrur kemur rafmagnsgrind sem verður klædd af með gifsplötum. Ysta lag þaks er klætt bárujárni.
Þak kjallarahaðar og yfir bílgeymslu er staðsteypt með ábræddum pappa í flokki T. Ofan á pappa kemur einangrun yfir upphituð rými en yfir bílgeymslu er ekki einangrun. Ofan á dúk, og einangrun þar sem hún er til staðar, kemur jarðvegsfilldúkur, þá farg (möl/sandur) og að lokum steyptar hellur.

Gluggar eru timbur-ál gluggar. Gler er K-gler með tvöföldu einangrunargleri.

Handrið á svölum eru rimlahandrið úr galvaniseruðu stáli. Hæð svalahandriða er 1,2m frá gólfi. Handrið innanhúss verða með samskonar frágangi.
Svalagólf eru steypt með steypukóti sem er 20mm lægri en frágenginn gólfkóti að innan.

Botnplata er steypt á 75mm plasteinangrun, fyrir utan botnplötu í bílgeymslu sem er óeinangrud. Berandi plötur eru almennt staðsteyptar.

Veggir á milli íbúða eru almennt steyptir, ef frá eru taldir veggir milli íbúða í kjallara. Léttir veggir í íbúðum og geymslum eru úr blikkstoðum og klæddar krossvið og gifsplötum.

Kólnunartölur
Heildarleiðnitap allra byggingarhluta verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 13.3 í byggingarreglugerð.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingarhlutar eru almennt íbúðarbyggingar í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en bílgeymsla og geymslur í kjallara eru í notkunarflokki 1. Atvinnurými á jarðhæð við Lækjargötu er í notkunarflokki 2. Íbúðir sem hafa öll meginými á jarðhæð uppfylla kröfur um algilda hönnun.

Hljóðvist
Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur til hljóðvistar skilgreindar í flokki C í staðlinum ÍST 45 séu uppfyllar, eins og kveðið er á um í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Er þar m.a. gerð krafa um að hljóðeinangrun innbyrðis á milli íbúða sé að lágmarki R'w = 55 dB. Þessar kröfur verða almennt uppfyllar með 200 mm steinsteyptum veggjum. Ekki er talið að sérstök hætta sé á truflun vegna umgangs á sameign og skal hljóðeinangrun milli íbúða og ganga uppfylla R'w = 48 dB. Atvinnurými og bílageymsla verða einangruð sérstaklega til þess að uppfylla kröfur um R'w = 60 dB hljóðeinangrun til íbúða.
Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar. Má þar nefna notkun hljóðgildra, frágang lagnaleiða og aðrar aðgerðir eftir þörfum í sérhverju tilfelli.
Um hávaða frá umferð gildir Reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Reglugerðin gerir kröfu um að hljóðstig innandyra vegna umferðar og atvinnustarfsemi sé að hámarki Leq = 30 dB(A). Til þess að mæta kröfum vegna umferðarhávaða er gerð krafa um bætta hljóðeinangrun glugga og hljóðdeyfingu loftræsa í rýmum sem eru sérstaklega útsett fyrir hávaða.
Nánari upplýsingar um kröfur og aðgerðir er að finna í greinargerð um hljóðvist.

Lagnir
Reglugerðir, staðlar og leiðbeiningar fyrir lagnakerfi
Hitakerfi hönnuð skv. ÍST EN 12831, ÍST EN 12828, (ÍST66)
Neysluvatnskerfi eru hönnuð skv. ÍST 67, DS 439
Frárennsliskerfi hönnuð skv. ÍST 68, DS 432
Snjóbræðslukerfi skv. Rb blað nr. 075 og 076
Slökkviúðalagnir skv. ÍST EN 12845
Gildandi Byggingarreglugerð.

Allt frárennsli frá byggingunni fer í frárennsliskerfi Hafnafjarðarbæjar.
Frárennslisefni er PVC plast innan og utan sökkla í viðeigandi þrýstifokki.
Frárennslisefni innanhúss er PE/PP plast. Niðurföll í lóð eru með 300mm sandfangi hvert. Brunnar á regnvatnslögnum eru með 300mm sandfangi.
Hreinsibrunnar eru á frárennslislögnum í lóð.

Pípur í stofnlögnum neysluvatnskerfis eru úr Ál-PEX plastefni, endalagnir frá deilikistum að töppunarstöðum verða úr PEX (rör í rör kerfi).
Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn með hitastig 60 – 65°C.
Hringrás verður á heitu neysluvatni til að stytta biðtíma.

Hitakerfi er opið hitakerfi með þrýstijöfnun. Hitað verður upp með ofnum.
Hitakerfið miðast við kólnunartölur og forsendur aðaluppdrátta.
Snjóbræðslukerfin nýtir varma frá affalli hússins. Afköst snjóbræðslu miðast við 150 W/m^2. Gert er ráð fyrir að affall hitaveitu nægi fyrir upphitun snjóbræðslu.
Frostvörn verður á kerfi.

Salerni í húsnæði eru upphengd tæki úr hvítu postulíni.
Handlaugar eru hefðbundin tæki úr hvítu postulíni.
Stálvaskar, eldhúsvaskar eru hefðbundnir vaskar úr ryðfríu stáli.

Loftræsting
Veitingastaður er með vélrænni loftræstingu samkv. Byggingarreglugerð, ÍST EN 16798 og IST EN ISO 7730. Lofti er blásið er inn í rými og dregið út úr rýmum og salernum.
Loftræstikerfin verða með varmaendurvinnslu með 70% nýtni eða hærri.

Miðað er við að uppfylla hitaskilgreiningu í rýmum samkv. „Flokk B" (Category B) í töflu A.5 í IST EN ISO 7730 eða 24,5 +/- 1,5 °C í kælifasa (á sumrin) og 22,0 +/- 2,0°C í hitafasa (á vetrum).
Loftmagn er miðað við Flokk II ÍST EN 16798. Viðmiðun CO2 er samkvæmt byggingareglugerð eða að magn CO2 fari ekki yfir 800 ppm að jafnaði og ekki yfir 1000 ppm í skemmri tíma.
Brunavarnir í loftræstikerfinu verða í samræmi við DS 428
Viðmiðunar útihitastig að sumri: +18 °C, og að vetri: -15 °C
Viðmiðunar útihitastig vegna frostvarnar í loftræstikerfinu er -15 °C

Vélræn loftræsting er á öllum baðherbergjum, eldhúsum og þvottahúsum.

Slökkvikerfi
Vatnsúðakerfi er í bílgeymslu í samræmi við ÍST EN 12845. Áhættuflokkun kerfisins samkvæmt ÍST EN 12845 verður OH2. Inntaksrými fyrir vatnsúðakerfi verður aðgengilegt beint utan frá eins og kemur fram á aðaluppdráttum. Setja skal inndælingarstút fyrir slökkvilið og vatnstjöllu fyrir utan inntaksrýmið í samræmi við ákvæði staðalsins. Inndælingarstútur skal vera vel merktur. Boð skulu berast til viðurkenndar vaktstöðvar fari vatnsúðakerfið í gang.
Vatnsúðakerfið skal þjónustað af aðila með viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun.
Slöngukefli verða sett í bílgeymslu eins og sýnt er á teikningum. Slöngukeflin skulu vera í samræmi við gr. 9.4.5 í byggingareglugerð og leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar.

Samantekt á brunavörnum

Forsendur brunavarna
Fjölbýlishúsið felluir undir notkunarflokk 3 en bjónustuhúsnæði í notkunarflokk 1. Um er að ræða fjölbýlishús við Lækjargötu 2 ásamt sameiginlegri bílageymslu. Fjölbýlishúsin samanstanda af bílageymslu, íbúðum og þjónustuhúsnæði þar sem gengið er inn beint inn frá Lækjargötu. Ofan á bílageymslunni er opið garðsvæði á 2. hæð þar sem 5 sjálfstæð fjölbýlishús koma sem telja 2-3 hæðir frá garðinum séð. Frá Lækjargötu teljast húsin mest 4 hæðir. Ekki er því krafa um körfubílaaðgengi. Aðgengi inn í íbúðir er frá garðinum sem er ofan á bílageymslunni og þaðan annaðhvort beint inn í íbúðir eða inn í opin stigahús. Texti um brunavarnir eru unnar af Mannvit hf. Brunavarnir hússins eru hannaðar í samræmi við grein 9.2.2-b, þ.e. eingöngu á grundvelli ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með tilgreindum frávikum. Nánar er fjallað um brunahönnun hússins í greinargerð Mannvits nr. 3151328-000-HRP-0001.

Brunaþol burðarvirkis
Í samræmi við töflur 9.10 og 9.11 í byggingarreglugerð skal aðalburðarvirki fjölbýlishúsanna uppfylla R90 brunamótstöðu. Bílgeymsla skal uppfylla R60 brunamótstöðu en burðarvirki sem eru hluti af fjölbýlishúsum skulu þó uppfylla R90 brunamótstöðu. Svalir á húsunum sem eru steyptar skulu uppfylla R90 brunamótstöðu en léttar svalir skulu vera í samræmi við grein 9.9.4 þ.e. burðarvirki skal gírt úr óbrennanlegum efnum, A2, s1,d0, festar við a.m.k. R60 burðarluta úr A2-s1,d0 efni. Handrið og gólf skal vera léttbyggð og klæðning neðan á gólf skal vera í flokki 1, B-s1,d0. Opnu stigahúsin skulu uppfylla R60 brunamótstöðu. Þök á húsunum eru léttbyggð og skulu uppfylla að jafnaði R60 brunamótstöðu.

Brunahólfun
Allar íbúðir eru sjálfstæð brunahólf með steypta REI90 veggi á milli íbúða og REI60 að svalagöngum.
Hæðaskil verða a.m.k. REI90. Þar sem lægra þak tengist hærri byggingu skal þak á lægri byggingunni uppfylla REI60 brunamótstöðu 6 m út frá byggingunni. Þessi krafa á við um hús 2a og 2d. Þar sem þak hefur tvær íbúðir undirliggjandi skal brunamótstaða þaksins á 1,2 m svæði sitthvoru megin við brunaskil viðkomandi íbúða hafa REI60 brunamótstöðu. Sérstaklega skal hugað að frágangi loftunarrása svíkra þaka samanber leiðbeiningar HMS nr. 153.BR1. Hjóla- og vagnageymsla ásamt geymslum verða í sjálfstæðum brunahólfum. Merkingar á brunahólfandi byggingarhlutum eru jafnframt sýndar á aðaluppdráttum.
Þar sem svalir ná ekki 1,6 m að dýpt skulu gluggar og hurðir uppfylla a.m.k. EW30 brunamótstöðu.
Bílgeymsla verður sjálfstætt brunahólf hólfað frá öðrum rýmum með EI90 veggjum og EI2 60-CS200 hurðum. Milli bílgeymslu og notkunareiningar verða settar brunastúkur með EI2 60-CS200 hurð bílgeymslumegin og EI2 30-CS200 að næsta rými.

Flóttaleiðir
Frá íbúðum á jarðhæðsem eru lítlar einstaklingsíbúðir verða í nokkrum tilfellum einungis val um ein flóttaleið sem liggur beint út undir bert loft. Skilyrði greinar 9.5.4 verða í þeim tilfellum uppfyllt, þ.e. í stuttu máli stakir reykskynjarar verða í rýminu, sjálfvirkt slökkvikerfi, göngulengdir út innan við 25 m mælt tvöfalt, góð yfirsýn að útgangi. Í íbúðum lítfellum verða tvær óháðar flóttaleiðir þar sem önnur eða báðar leiðir liggja beint út eða út á svalir sem stigar slökkviliðs ná til.
Gert er ráð fyrir að hreyfihamlaðir sem ekki geta farið niður stiga af sjálfsdáðum biði hjálpar í sínum íbúðum, svölum eða á stigapalli viðkomandi stigahúss þar til björgunarlið kemur á staðinn. Örugg svæði eru skilgreind á öllum hæðum stigahúsanna og er reiknað með að viðkomandi geti gert vart við sig þegar björgunarlið mætir á staðinn með því að gera vart við sig. Ekki er því talin þörf á sérstökum samskiptabúnaði sbr. Leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) nr. 9.5.10.
Rafmagnsopnunarbúnaður á hurðum í flóttaleiðum skal vera með varaafliggjafa.

ÚT-ljós og neyðarlýsing
Ekki er gerð krafa um sérstakar leiðarmerkingar í fjölbýlishúsin sbr. meginreglu nr. 3 greinar 9.5.11 í byggingarreglugerð 112/2012. Neyðarlýsingu skal setja í gluggalaus sameignarými, þ.e. geymslur og inntaksrými. Í bílgeymslu og atvinnurými á 1. hæð skal setja leiðarlýsingu og neyðarlýsingu í samræmi við byggingareglugerð og leiðbeiningar HMS.

Klæðningar
Allar loft- og veggklæðningar innanhúss verða í flokki 1.

Útveggir
Húsin eru einangruð að utan með steinull og utan á hana kemur loftræst regnhlíf, þ.e. báru-álklæðning sem uppfylla skal A2-s1,d0. Allar festingar fyrir utanhússklæðninguna verða úr óbrennanlegum efnum, sem uppfylla A2-s1,d0. Sé sett vindvörn utan á steinullina skal hún uppfylla B-s1,d0.

Brunaviðvörun
Í allar íbúðir skal setja staka reykskynjara með hljóðgjafa í samræmi við grein 9.4.3 í byggingarreglugerð 112/2012. Jafnframt skal setja samtengda reykskynjara í geymslur á jarðhæð. Miða skal við að setja a.m.k. einn skynjara fyrir hverja 80 m2 og þannig að hljóðstyrkur í hverju svefnherbergi sé ekki undir 75 dB(A).
Í atvinnurými og íbúðir með eina flóttaleið skal setja sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt sjórnstöð.
Í bílageymslu er krafa um sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi en sjálfvirkt slökkvikerfi kemur þó í staðinn fyrir reykskynjara (tenging við varðloka úðakerfis). Handboðar skulu settir upp í bílageymslunni.

Slökkvikerfi
Sett verður viðurkennt vatnsúðakerfi í alla bílgeymsluna í samræmi við ÍST-EN12845. Áhættuflokkun kerfisins verður OH2. Jafnframt verður sett vatnsúðakerfi í íbúðir með einn útgang á jarðhæð hússins. Áhættuflokkun þess kerfis verður OH1. Inntaksrými fyrir vatnsúðakerfi verður aðgengilegt beint utanfrá við bílgeymsludyr. Setja skal inndælingarstúta og vatnsbjöllu fyrir utan inntaksrýmið í samræmi við ákvæði staðalsins. Boð frá vatnsúðakerfinu skulu berast til viðurkenndrar vaktstöðvar. Eftirlit með vatnsúðakerfinu skal vera í samræmi við lög og reglur. Gera skal þjónustusamning um viðhald og eftirlit vatnsúðakerfisins við viðurkenndan aðila.

Slökkvibúnaður
Hverri íbúð skal fylgja eitt handslökkvitæki. Miða skal við 6 l léttvatnstæki.
Þar sem stigahús eru opin ogná mest einni hæð (ekki þarf að hringa slöngur um stigahlaup) er ekki gerð krafa um stigleiðslur.

Reyklosun
Reyklosun frá geymslum á jarðhæð er almennt í gegnum dyr og glugga á byggingunni ásamt sérstökum reyklosunaropum sem eru samtals 0,5% af grunnflatarmáli viðkomandi geymslu. Sett verður eitt sérstakt reyklosunarop frá bílgeymslu, 1 m2 að stærð til viðbótar til móts við bílahurðina.

Loftræsikerfi
Frá hverri íbúð verða settir sjálfstæðir loftræsistokkar úr blikki sem sameinast efst á þaki í sameiginlegan safnkassa með útsogsblásara sem dregur þannig loft út úr öllum íbúðum. Brunaþétt verður meðfram lögnum bæði á hæðaskilum og á veggjum þar sem blikkstokkar ganga inn í íbúðir. Lagnastokkur verður jafnframt þéttpakkaður með steinull meðfram öllum loftræsilögnum. Milli lagnastokks og íbúðar skulu vera a.m.k. tvö lög af gifsi eða annað sambærilegt. Loftræsirör skulu einangruð frá öðrum brennanlegum rörum og rafköplum með a.m.k. einni 15 mm brunagifsplötu (EI30).
Brunavarnir í loftræsikerfum húsanna verða hönnuð í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og þeim ákvæðum DS 428 sem uppfylla meginákvæði byggingarreglugerðar.

Brunaþéttingar
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa og brunasamstæðna verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af HMS til fyrirhugaðrar notkunar. Setja skal herþihólfa á allar lagnir með stærra þvermál en 32 mm nema lagnir séu úr óbrennanlegum efnum, t.d. stáli eða þottjárni. Miðað er við að loftræsirör séu hólfuð íðorétt frá íbúðum (sjá líka grein um loftræsikerfi) en aðrar lagnir séu brunahólfuð lárétt á hæðarskilum. Þéttþakka skal með steinull utan um allar lagnir í lagnastokkum.

Sambrunahætta
Bil á milli húsa er í nokkrum tilfellum undir 6 m eða á bilinu 4-6 með gluggum sem vísa á hvorn annan í báðum húsum. Samkvæmt byggingarreglugerð 112/2012 skal þá annar glugginn uppfylla E30 nema hægt sé að sýna fram á með útreikningum að sambrunahætta sé ekki til staðar. Útreikningar sýna að sambrunahætta er ekki til staðar en nánar er gert grein fyrir sambrunahættu í greinargerð Mannvits (3151328-000-HRP-0001).

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma fyrir slökkvilið er frá Lækjargötu. Slökkvivatnsþörf hússins er innan þeirra marka sem brunahanar í nágrenni hússins afkasta (20 l/s).

Eigið eldvarnareftirlit
Um eftirlit með eldvörnum gildir reglugerð 723/2017.

Afstöðumynd 1:500

Heildarstærðir hverrar hæðar í m^2 og m^3

1. hæð:	1.436,2 m^2 /	4.866,0 m^3
2. hæð:	801,2 m^2 /	2.264,8 m^3
3. hæð:	771,5 m^2 /	2.347,0 m^3
4. hæð:	386,9 m^2 /	1.315,5 m^3
Heildarstærð:	3.303,7 m^2 /	11.081,1 m^3

Niðurstaða varmatapsútreikninga eru eftirfarandi:

Útveggir:	0,40	W/m^2°C
Gluggar:	2,00	W/m^2°C
Hurðir:	3,00	W/m^2°C
Þakvirki:	0,16	W/m^2°C
Gólf:	0,30	W/m^2°C
Útveggir, vegið meðaltal:	0,85	W/m^2°C

Miðað er við t inni=22°C t úti min = -15°C

Þam gildi rakasperru sé amk. 500.
Þam gildi vindvarnarlags sé ekki meira en 20.

Stærðir eru eftirfarandi skv. skráningartöflu:

Heildarflátarmál:	3.303,7 m^2
Heildarrúmmál:	11.081,1 m^3
Lóð:	1.746,6 m^2
Nýtingarhlutfall:	1,891

MANNVIT hf.
Kt. 420572-0129
Borgartúni 27, 105 Rvk.

Sambykkt þann 2 6. JAN. 2022
Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar

Almennt:
Öll mál eru í millimetrum nema kótar á gólfum, lofturn og landi sem eru í metrum.
Öll mál sannreynist á staðnum og ef misræmi kemur upp í teikningum skal strax hafa samband við hönnuði og eftirlitsmann.

Skýringar:

EB: 0.X / NB: X.0	= Efribrún og neðribrún steypu
SK: X.XXX	= Steypukóti.
GK: X.XXX	= Kóti á frágengnu gólfi
FL: X.XXX	= Kóti á lofturn og á landi
(LR)	= Loftræsting
(GN)	= Gólfniðurfall
(BS)	= Björgunarop
NF	= Niðurfall frá þaki
—·—·—	= Lóðamörk
- - - - -	= Byggingarreitur

Lagfæring	Dagsetning	Skýring
10-	13.01.22	LEIÐRÉTT VEGNA RÝMISNÚMERUM

Útgáfa	Dagsetning	Skýring

Verk:	**LÆKJARGATA 2**
Verkkaupi:	Klapparholt ehf.
Teikning:	**AFSTÖÐUMYND**
Mkv.:	**1:100**
Dagsetn.:	27.01.2022
Teiknað:	GV
Yfirfarið:	KÖK

Arkitekt:
Andri Gunnar Lyngberg Andrésson - kt.: 240182-3949 - andri@tripoli.is
Guðni Valberg - kt.: 250880-5299 - gudni@tripoli.is
Jón Davið Ásgeirsson - kt.: 250280-5729 - jon@tripoli.is
Kristján Örn Kjartansson - kt.: 040176-4979 - kris@krads.is
Kristján Eggertsson - kt.: 150873-5769 - krisljan@krads.is

Hönnunarstjóri:
Kristján Örn Kjartansson
kt.: 040176-4979 - kris@krads.is - Sími: 664 03 22

AÐALUPPDRÁTTUR

KRADS TRÍPÓLÍ

Skólavörðustígur 16, 2.hæð
Kt. 420619-0609
sími: 534 03 20 - Email: krads@krads.is

Skólavörðustígur 16, 2.hæð
Kt. 700118-1340
sími: 519 29 30 - Email: tripoli@tripoli.is

Verk	Teikn.:	Breyting:
208	**A-010**	

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI ENDURNÝTA MEÐ HEIMILUM ÚTÚN ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR